



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Bréf vegna markaðar 18

Til hagsmunaaðila - 25. júní 2008

Málefni: Samráð vegna markaðsgreiningar á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda (markaður 18)

Í samræmi við V. kafla laga nr. 81/2003, ásamt síðari breytingum nr. 78/2005, skal Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) skilgreina viðeigandi þjónustu- og vörumarkaði og landfræðilega markaði á fjarskiptasviði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Framkvæmdastjórn ESB og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafa skilgreint fyrirfram 18 fjarskiptamarkaði sbr. tilmæli um viðkomandi markaði. PFS skal skv. 17. gr. fjarskiptalaga greina þessa 18 markaði, kanna hvort samkeppni á þeim sé virk og hvort þar finnist eitt eða fleiri fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur greint samkeppni á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda, markaður. Frumdrög greiningar og niðurstaða PFS um framangreinda markaði eru nú lögð fram til samráðs og PFS býður fjarskiptafyrirtækjum og öðrum sem áhuga hafa á að gera athugasemdir við þau, sbr. 6. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Frumdrögin má finna á heimasíðu PFS www.pfs.is.

Vakin er athygli á því að PFS áætla að birta opinberlega allar athugasemdir sem berast nema sérstaklega verði óskað trúnaðar og þá mun stofnunin leggja mat á þá beiðni. Þegar athugasemdir hafa borist mun PFS endurskoða drögin með hliðsjón af þeim og útbúa drög að ákvörðun sem send verður ESA til samráðs þegar þau hafa verið þýdd yfir á ensku ásamt greiningunum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003. Geri ESA ekki athugasemdir við markaðsgreiningar og niðurstöður PFS verða ákvarðanirnar birtar hlutaðeigandi fyrirtækjum.

Frestur til að skila athugasemdum rennur út þriðjudaginn 25. ágúst n.k. Frekari frestur verður ekki veittur.

Nánari upplýsingar um markaðsgreiningar veita starfsmenn PFS Óskar Hafliði Ragnarsson, s: 510-1523, netfang: oskarh@pfs.is og Guðmann B. Birgisson, s: 510-1504, netfang: guðmann.birgisson@pfs.is. Upplýsingar um markaðsgreiningu Póst- og fjarskiptastofnunar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar www.pfs.is.